

Fundargerð 316. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 1. apríl 2025
Fundartími: 17:00-18:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að gera breytingu á dagskrá þannig að svar frá bankastjóra Landsbankans verði sér dagskrárliður nr. 10. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 299, dags. 26.03.2025

a) Akurholt L205691; Breytt afmörkun og fjölgun lóða; Deiliskipulagsbreyting – 2412059

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar, eftir grenndarkynningu, sem tekur til spilldu í landi Akurholts (áður Gegnishólapartur). Með breytingunni eru stofnaðar 6 nýjar lóðir auk þess sem breytingar eru gerðar á afmörkun allra lóða sem fyrir eru til staðar. Athugasemdir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir grenndarkynningu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við athugasemd sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra gagna. Mælist nefndin til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til spilldu í landi Akurholts L205691 (áður Gegnishólapartur) eftir grenndarkynningu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemd sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra gagna. Deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og að gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Vatnsholt 1D L2322033; Bæjarholt; Breytt heiti lóðar – 2503033

Lögð er fram umsókn er varðar nýjan staðvísi fyrir L232033. Óskað er eftir að Vatnsholt 1D fái nafnið Bæjarholt. Fyrir liggur rökstuðningur eiganda um hvaðan nafnið er fengið. *Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við nýjan staðvísi lóðarinnar í samræmi við framlagða umsókn. Skipulagsnefnd mælist til þess að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn um nýjan staðvísi fyrir Vatnsholt 1D L2322033 og að það verði Bæjarholt. Fyrir liggur rökstuðningur landeiganda vegna nýs staðvísis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri; Aðalskipulagsbreyting – 2408073

Lögð er fram, eftir auglýsingu, tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á vatnsbóli í landi Hjálmholts. Vatnsbólið er í Flóahreppi en vatnsverndarsvæði er skilgreint þvert á sveitarfélagsmörk í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Borað hefur verið eftir vatni á staðnum og er vatnsbólið í notkun. Samhliða er gerð breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 þar sem gerð er grein fyrir vatnsverndarsvæði. Umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðsu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á aðalskipulagi sem tekur til skilgreiningar á vatnsbóli í landi Hjálmholts eftir auglýsingu. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar en að mati sveitarstjórnar er ekki þörf á frekari viðbrögðum við þeim. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Árgerði L207516; Byggingarheimild; vélaskemma – 2503031

Móttekin var umsókn þann 12.03.2025 um byggingarheimild fyrir 88,9 m² vélaskemmu á íbúðarhúsalóðinni Árgerði L207516 í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að umsókn um byggingarheimild á vélaskemmu í Árgerði L207516 fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar verði umsókninni vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 223, dags. 19.05.2025

Lagðar fram til kynningar.

3. Erindi frá Sigfúsi Kristinssyni – Flutningur á bústöðum að Sölvholti

Fyrir liggur erindi frá Sigfúsi Kristinssyni vegna flutnings á bústöðum að Sölvholti í Flóahreppi. Sveitarstjórn Flóahrepps felur skipulags- og byggingarfulltrúa að vinna að málinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Áhrif kjarasamninga KÍ á fjárhagsáætlun Flóahrepps 2025

Samninganefnd sveitarfélaga undirritaði nýjan kjarasamning við Kennarasamband Íslands þann 25. febrúar 2025. Árshækkun launakostnaðar félagsfólks KÍ verður nær 12% í ár í stað u.þ.b. 4,5% hækkunar. Hækkunina umfram aðra má rekja til bráðabirgðavirðismats á störfum kennara. Allt starfsfólk sveitarfélaga er nú þegar í sambærilegu virðismati, svokölluðu Starfsmati. Ljóst er að þessar hækkanir eru töluvert umfram það sem áætlanir sveitarfélagsins gera ráð fyrir og hafa áhrif á rekstur þar sem félagsfólk KÍ er stærsti parturinn af launafólki hjá sveitarfélaginu.

Mat á kostnaðaráhrifum hjá Flóahreppi sýna aukinn launakostnað upp á um 25 milljónir á árinu 2025 og kallar sú upphæð á gerð viðauka við launalið fjárhagsáætlunar hjá leik- og grunnskóla. Sveitarstjórn Flóahrepps felur fræðslunefnd og skólastjórnendum leik- og grunnskóla að taka saman upplýsingar um stærstu áætluðu kostnaðarliði í rekstri skólanna og mönnunarþörf vegna skólaársins 2025-2026. Samantekt sýni sundurliðun á áætluðum stöðugildum fagmenntaðra kennara og annarra starfsmanna innan skólanna og byggi á áætlaðri nemendasamsetningu og nemendafjölda. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að stilla upp viðauka við fjárhagsáætlun 2025 vegna áhrifa kjarasamninga kennara á áætlun ársins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Nafnasamkeppni um nöfn í nýrri íbúðarbyggð í Þingborg

Sveitarstjórn Flóahrepps ákvað á fundi sínum dags. 04.03.2025 að efna til nafnasamkeppni um nafn á tveimur götum í nýrri íbúðarbyggð í Þingborg. Alls bárust 19 tillögur um hvora götu. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að gera þá breytingu frá fyrri bókun sinni að í stað þess að sveitarstjórn taki ákvörðun um nafn á götum í íbúðarbyggð við Þingborg þá óskar sveitarstjórn eftir því að fulltrúar í öldungaráði kalli eftir 3-5 aðilum úr hópi 60+ íbúa í Flóahreppi til að fara yfir tillögurnar og skila inn þremur tillögum um hvora götu til sveitarstjórnar sem byggir loka ákvörðun um götuheiti á þeim tillögum. Óskað er eftir því að niðurstaða hópsins sé send á sveitarstjóra eigi síðar en 22. apríl.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Sumarlokun skrifstofu Flóahrepps 2025

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að sumarlokun skrifstofu sveitarfélagsins verði frá og með 14. júlí til og með 4. ágúst.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Sumarstörf 2025

Gengið hefur verið frá ráðningu tveggja verkstjóra í vinnuskóla Flóahrepps og umsjónarmanns yfir slætti á opnum svæðum innan sveitarfélagsins. Verkstjórar vinnuskólans verða þær Ólöf Vala Heimisdóttir og Þórunn Sturludóttir Schacht og umsjónarmaður með slætti og öðrum tilfallandi verkefnum verður Sigurður Þór Emilsson.

Auglýst verður eftir unglingum til starfa við vinnuskóla 2025 á næstu vikum.

8. Söluferli fasteignarinnar Þingborg eldri – til kynningar

Fyrir liggur samantekt sveitarstjóra á stjónsýsluferli vegna sölu á Þingborg eldri ásamt fylgigögnum sem snúa að málinu. Sveitarstjórn samþykkti á fjarfundi dags. 11.03.2025 að gera gagntilboð að upphæð 72.500.000 kr við innsendu tilboði sem barst sama dag. Gagntilboðið var samþykkt dags. 12.03.2025 og þar með komið bindandi kauptilboð á milli aðila. Sveitarstjóra var falið að ganga frá undirritun kaupsamnings á fundi sveitarstjórnar dags. 18.03.2025 en hann var undirritaður 21.03.2025 og samhliða var gengið frá undirritun á lóðarleigusamningi og á afsal vegna eignarinnar. Sveitarstjórn bárust alls þrjú tilboð í fasteignina og var hæsta tilboðinu tekið og var það yfir verðmati eignarinnar sem gert var í maí 2024.

Stjónsýsluferill og fylgigögn vegna málsins lögð fram til kynningar.

Sveitarstjóra falið að gera viðauka vegna sölunnar sem sýni jákvæð áhrif sölunnar á áætlun ársins 2025 en gert var ráð fyrir söluverði rekstrarfjármuna upp á 20 milljónir á árinu 2025.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Endurskoðað fundarplan sveitarstjórnar vegna ársreiknings 2024

Þar sem ársreikningar hluta byggðasamlaga sem Flóahreppur er aðili að höfðu ekki skilað sér tímanlega fyrir fund sveitarstjórnar 1. apríl þá þarf að endurskoða fundarplan sveitarstjórnar í apríl-maí vegna tveggja umræðna um ársreikning Flóahrepps 2024.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir eftirfarandi fundarplan í apríl-maí:

7. apríl AUKAFUNDUR kl. 17:00 – Fyrri umræða Ársreiknings 2024

15. apríl Hefðbundinn fundur sveitarstjórnar FELLUR NIÐUR
6. maí Hefðbundinn fundur sveitarstjórnar kl. 17:00 - *Síðari umræða Ársreiknings 2024*

Sveitarstjóra falið að auglýsa breytingar á fundartímum sveitarstjórnar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Frá Lilju Björk Einarsdóttur, bankastjóra Landsbankans – svar við bréfi Flóahrepps

Fyrir liggur svarbréf við bókun sveitarstjórnar frá 04.02.2025 frá Lilju Björk Einarsdóttur, bankastjóra Landsbankans.

Sveitarstjórn Flóahrepps gagnrýnir svör Landsbankans sem snúa að lánveitingu innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn telur þá þætti sem taldir eru upp og sagðir ástæða höfnunar lánveitinga í dreifbýli ekki eiga við rök að styðjast í Flóahreppi. Þar vísar sveitarstjórn í þau tilfelli sem henni er kunnugt er um að hafi verið hafnað um lánveitingu í Flóahreppi undanfarin misseri. Bankinn nefnir að taka þurfi tillit til þátta sem varða aðgengi að húsnæði, aðgengi að vatns- og rafmagnsveitu og þjónustu sveitarfélaga.

Sveitarstjórn vísar á bug þeim svörum bankans að um sé að kenna skorti á þjónustu sveitarfélagsins, aðgengi að húsnæði og aðgengi að vatns- og rafmagnsveitu í sveitarfélaginu og ítrekar fyrri bókun sína sem snýr að endurskoðun bankans á reglum og verklagi vegna lánveitinga innan Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps hvetur íbúa og aðra fasteignaeigendur í Flóahreppi til þess að koma upplýsingum um höfnun á lánveitingu frá Landsbankanum vegna íbúðarhúsnæðis á síðustu árum til sveitarstjóra svo að hægt sé að greina stöðuna innan Flóahrepps. Málið þarf að vinna áfram með Landsbankanum þannig að mismunun eftir búsetu viðgangist ekki þegar kemur að fjármögnun íbúðarhúsnæðis í Flóahreppi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 315, dags. 18.03.2025
- b) Fræðslunefndar nr. 157, dags. 25.03.2025
Varðandi lið 1 g) í fundargerð þá eru í gildi dvarlar- og inntökuskilyrði sem samþykkt voru af fræðslunefnd dags. 22.10.2024 og staðfest af sveitarstjórn dags. 05.11.2024. Reglurnar eru í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2012 sem kveða á um að sveitarstjórn sé heimilt að setja sér reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu. Í þessum nýlega samþykktu reglum kemur fram að skilyrði fyrir námi í leikskólanum er að barn og a.m.k. annað foreldrið séu með lögheimili í Flóahreppi skv. þjóðskrá. Sveitarstjórn Flóahrepps sér ekki ástæðu til að gera breytingar gildandi dvalar- og inntökuskilyrðum í Krakkaborg varðandi lið 2 í gildandi reglum.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- c) Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar nr. 10, dags. 20.03.2025
- d) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 118, dags. 26.02.2025 og nr. 119, dags. 12.03.2025
- e) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 972, dags. 11.03.2025
- f) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 243, dags. 18.03.2025 ásamt ársreikningi 2024
- g) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 332, dags. 18.03.2025 ásamt ársreikningi 2024
- h) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 16, dags. 24.03.2025 ásamt ársreikningi 2024
- i) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 26, dags. 14.03.2025 ásamt ársreikningi 2024
- j) Stjórnar SASS nr. 620, dags. 19.03.2025

- k) Stjórnar Listasafns Árneseinga dags. 15.03.2024, dags. 27.09.2024, dags. 26.02.2025, dags. 28.03.2025 ásamt ársreikningi 2024

12. Efni til kynningar

- a) Ársfundur Öruggara Suðurlands 2025
b) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 158. mál: Borgarstefna
c) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 161. mál: Rannsóknir á jarðlögum og hafsbotni á fyrirhugaðri gangaleið milli lands og Vestmannaeyja
d) Næsti fundur sveitarstjórnar verður aukafundur mánudaginn 7. apríl kl. 17.00 í Þingborg

Árni Eiríksson (sign)
Walter Fannar Kristjánsson (sign)
Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)
Harpa Magnúsdóttir (sign)